

beitt blekkingum, sem leyndu hann þessari staðreynd, eða lofað honum persónulegri ábyrgð umfram aðra lánardrottna Ferðaskrifstofunnar Sunnu h/f. Það hefur stefnandi ekki sannað, og skal stefndi Guðni Þórðarson því vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu. Í samræmi við þetta er það niðurstaða mín, að taka beri þrautavarakröfu stefnanda til greina og dæma stefnda Ferðaskrifstofuna Sunnu h/f til greiðslu hinnar umkröfðu skuldar, enda styðst hún við framlögð gögn.

Ég er sammála meiri hluta dómsins að því er varðar ákvörðun vaxta af hinni tildæmdu fjárhæð svo og ákvörðun um málskostnað.

Dómsorð mitt verður því svohljóðandi:

Stefndi Guðni Þórðarson skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns f. h. Perlus Cruises, í máli þessu.

Stefndi Ferðaskrifstofan Sunna h/f greiði stefnanda, Kjartani Reyni Ólafssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Perlus Cruises, \$ 62.739.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1979 til 1. júní 1980, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 3.000.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. mars 1983.

Nr. 55/1983.

Ákærvaldið

gegn

Guðmundi Sigurðssyni.

Kærumál. Vitnaskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 1. þ. m., er barst Hæstarétti hinn 3. þ. m. Gerir hann þá kröfu, að varnaraðilja verði dæmt skylt að bera vitni í siglingadómsmálinu: Ákærvaldið gegn Eiríki Þór Sævari Guðlaugssyni.

Greinargerð hefur ekki borist frá varnaraðilja.

Samkvæmt yfirlýsingu, er vararíkissaksóknari gaf í þinghaldi 23. f. m., þegar varnaraðili skoraðist undan að bera vitni, er varnaraðili grunaður um, að hann hafi gerst sekur um rangan framburð fyrir dómi, er hann gaf skýrslu í sjó- og verslunardómi 28. júlí 1981. Í greinargerð ríkissaksóknara fyrir kærðu til Hæstaréttar kemur fram, að endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin um saksókn á hendur varnaraðilja „ . . . komi það í ljós, að Guðmundur Sigurðsson eða aðrir eigi saknæman þátt í þeim ákæruefnum, sem í ákærðu eru tilgreind, en ákærði er einn sóttur til saka fyrir.“

Samkvæmt þessu er varnaraðili sakaður um refsivert atferli. Honum er því óskyldt að svara spurningum um það sakarefni samkvæmt 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974, og hann verður ekki kvaddur fyrir dóm sem vitni í máli ákærvaldsins gegn Eiríki Þóri Sævari Guðlaugssyni, sem lýtur að sama sakarefni.

Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður siglingadóms 1. mars 1983.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 23. f. m., er höfðað af ríkissaksóknara með ákærðu, dagsettri 23. desember 1982, gegn Eiríki Þóri Sævari Guðlaugssyni skipstjóra, Byggðarenda 4 í Reykjavík, „fyrir siglingalagabrot með því að hafa sem skipstjóri á flutningaskipinu Berglind, sem var 3074 brúttórumlestir að stærð og 95.9 metrar á lengd, með stórfelldum yfirsjónum og vanrækslu, sem í 1.—3. tölulið greinir, við stjórn tök á siglingu skipsins norður með strönd Nova-Scotia sunnudaginn 19. júlí 1981 orðið valdur að árekstri þess og danska flutningaskipsins Charm, sem var ámóta að stærð, 94.4 lengdarmetrar, og sigldi nær gagnstæða stefnu:

1. Með því að halda fullri ferð. Að draga aldrei úr ferð, svo neinu nam, eftir kl. 13:20, er yfir skall niðdimm þoka, sem tók að mestu fyrir skyggni, allt þar til að árekstur varð milli skipanna um kl. 19:40.
2. Með ónógrri stefnubreytingu til stjórnborða og ekki dregið úr ferð. Eftir kl. 19:00, þegar ákærði varð á ratsjá var endurvarps frá vs. Charm beint framundan í um 6 sjómílna fjarlægð, að framkvæma þá allt of litla stefnubreytingu til stjórnborða og láta þá enn hjá liða að draga úr ferð.

3. *Með stefnubreytingum til bakborða án þess að draga úr ferð eða stöðva skipið.* Eftir um 5 mínútna siglingu frá þeirri stefnubreytingu, sem í 2. lið getur, þegar ákærða virtist endurvarp frá vs. Charm aftur beint framundan, og fjarlægð var innan við 4 sjómilur, að breyta þá stefnu til bakborða, fyrst lítills háttar, eða á sömu stefnu og áður hafði verið sigld, en síðar meira, eða 15°, og er ákærði sá, að enn dró saman milli skipanna og að vs. Charm hafði vikið til stjórnborða, breytt þá enn stefnu til bakborða um 20°, en jafnframt látið hjá líða að draga verulega úr ferð eða stöðva skipið,

—allt með þeim afleiðingum, að árekstur varð með skipunum um kl. 19:40 með þeim hætti, að vs. Berglind sigldi þvert fyrir stefni vs. Charm, sem gekk inn í stjórnborðssíðu vs. Berglindar, nærri miðskips. Ellefu manna áhöfn og einum farþega vs. Berglindar var á næstu klukkustundum bjargað um borð í strandgæslubáta, sem komu á vettvang, og um borð í vs. Charm, en að vs. Berglind kom svo mikill leki, að skipið, með öllum farni, sökk um kl. 11:40 næsta morgun, er verið var að draga það áleiðis til hafnar í Sídney.

Brot ákærða teljast varða við 1. og 2. mgr. 239. gr. siglingalaga nr. 66/1963 og samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, 8. reglu, einkum b og e lið, 14. reglu a lið og 19. reglu d lið, sbr. lög nr. 7 26. febrúar 1975 um heimild til staðfestingar þeirrar samþykktar, auglýsingu nr. 6 22. apríl 1975 og auglýsingu nr. 4 9. febrúar 1977 um fullgildingu og gildistöku sömu samþykktar.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttinda til skipstjórnarstarfa, bæði skipstjóra- og stýrimannsréttinda, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

I.

Sjópróf út af framangreindu sjóslysi hófust í sjó- og verslunardómi Reykjavíkur þann 28. júlí 1981. Ákærði lagði þá fram skriflega skýrslu, sem er dagsett 27. júlí 1981. Í skýrslunni kemur ekki fram, hvar Guðmundur Sigurðsson stýrimaður var, þegar árekstur skipanna varð. Í sjódominum var ákærði spurður: „Hver var á vakt, frá því að skipið Charm sást í radarnum og þar til árekstruinn varð?“ Ákærði svaraði „Ég var á vakt, og 1. stýrimaður var með mér. Ég var staddur við radar skipsins. Síðan voru á brúarvæng nefndur Guðmundur og einn háseti á bakborðsbrúarvæng.“

Guðmundur Sigurðsson, 1. stýrimaður, gaf einnig skýrslu fyrir sjódominum 28. júlí 1981. Verða nú raktar nokkrar spurningar og svör stýrimannsins.

„Hvar var vitnið, frá því að skipstjóri tilkynnti, að hann sæi eitthvað í radarnum? „Ég var út á brúarvæng.“ Og hvaða starfi gegndi vitnið þar? „Útkíkk.“ Var mikil þoka? „Já.“ Hvernig vill vitnið lýsa þokunni? „Ja, við sáum nú bara rétt svona, varla stefnið á skipinu, ekkert meira.“ Hvenær var byrjað að flauta? „Það var strax upp úr hádegi. Þá voru gefnar þokubendingar.“ Getur vitnið sagt til um, á hvaða hraða skipið var? Greindi skipstjórinn vitninu frá því, að það sæist eitthvað í radarnum? „Já, ég vissi af því. Hann lét mig vita fyrst, þegar hann sá „ekkö“ þarna í sex mílunum.“ Á hvaða hraða var skipið þá? „Það hefur verið svona á 11½ mílu, eitthvað svoléiðis.“ Hver var svo hraðinn, þar til árekstur varð? „Hann hefði átt að vera svipaður.“ Fylgdist vitnið með „manueringu.“ rétt áður en árekstur varð? „Nei, ekki hvað snertir „telegraphið“.“ Hafði skipstjórinn orð á því við þig, að hann væri að breyta um stefnu? „Nei. Ég var úti. Hann var þarna við radarinn og talaði ekkert um það.“ Hafði hann engin orð um það við þig, í hvaða stefnu frá skipinu væri að vænta hljóðmerkja eða sjá skip? „Jú, hann bað mig að lita vel út, því það gæti komið skip. Hafa gott útkíkk og hlusta.“ Það hefur komið fram, að skömmu fyrir áreksturinn hafi skipstjórinn lagt stýrinu hart í bakborða. Varst þú var við það? „Já.“ Hvar varstu þá? „Þá var ég úti á væng.“ Hvernig varðst þú var við það, að hann lagði stýrinu hart á bakborða? „Ég sá, þegar hann „kúpplaði“ út.“

Vitnið Sigurhans Þorbjörnsson, 1. vélstjóri á v/s Berglind, hefur í siglingadómi 16. febrúar 1983 m. a. skýrt svo frá:

„Ég var staddur í borðsal skipsins, þegar árekstur varð. Í borðsalnum voru auk mín Guðmundur Sigurðsson, stýrimaður, Ómar Wieth, háseti, og eiginkona mín, Bára Einarsdóttir. Þetta man ég mjög vel. Ég og kona mín komum saman í borðsalinn upp úr kl. 1800, en ég get nú ekki munað það nákvæmlega. Guðmundur Sigurðsson, stýrimaður, kom í borðsalinn á eftir okkur hjónum, en ég man nú ekki nákvæmlega, hvenær hann kom, en hann kom eftir kl. 1830, en kl. 1900 var hann búinn að borða. Eftir að við vorum búin að borða, ræddum við saman fjögur. Mig minnir, að við sætum yfir kaffibollum. Við heyrðum flaut frá öðru skipi. Mig minnir, að við Guðmundur Sigurðsson færum hvor að sínum glugganum til að leita að skipi í grenndinni. Borðsalurinn er stjórnborðsmegin og gluggarnir því á stjórnborðshlið skipsins, en borðsalurinn er einni hæð ofan aðalþilfars. Mjög fljótlega sáum við hitt skipið koma út úr þokunni og stefna á Berglind. Við Guðmundur hörfuðum þá frá gluggaveggnum. Ég gerði mér ljóst, að árekstur yrði. Ég hljóp því til konu minnar, og við héldum okkur til þess að verjast falli, þegar skipin skyllu saman. Ég fór strax með konuna upp á næstu hæð fyrir ofan, og það gerðum við með því að ganga út á þilfar bakborðsmegin og þar upp stiga, en herbergi mitt var á næstu hæð

fyrir ofan borðsalinn. Ég var vel á mig kominn og ekki undir áhrifum áfengis. Ég fylgdist ekki með, hvað varð um Guðmund og Ómar, en mig minnir, að þeir hafi orðið mér samferða út á þilfarið bakborðsmegin. Konan varð eftir á þilfarinu, þar sem herbergið mitt var, en ég hélt áfram upp á stjórnþall, sem var á næstu hæð þar fyrir ofan. Ég gekk bakborðsmegin inn í brúna, og var Sævar skipstjóri þá einn inni í brúnni. Hann sagði mér, að stjórnþæki vélarinnar (telegrafið) hefði ekki virkað. Hann bað mig að stöðva vélina og tilkynnti mér, að áhöfnin ætti að yfirgefa skipið.“

Vitnið Hjalti Heiðar Hjaltason, sem var þriðji vélstjóri á v/s Berglind, gaf í siglingadómi 16. febrúar 1983 m. a. svofellda vitnaskýrslu:

„Ég var í klefa mínum, þegar áreksturinn varð. Klefi minn var á sömu hæð og borðsalur, en bakborðsmegin í skipinu. Ég fór af vakt kr. 1830 og fór þá beint í matsal. Ég dvaldi í matsalnum frá kl. um 1830 og allt fram undir að árekstur varð. Ég var því nýkominn til klefa míns, þegar áreksturinn varð. Þegar ég yfirgaf matsalinn rétt fyrir áreksturinn, voru þeir Sigurhans vélstjóri og Guðmundur Sigurðsson þar. Við Guðmundur höfðum báðir verið á vakt frá kl. 1230 til 1830. Við hittumst svo í matsalnum eftir vaktaskiptin og borðuðum saman kvöldverð þarna og sá:um hvor á móti öðrum. Ég minnst þess ekki, að Guðmundur stýrimaður yfirgæfi matsalinn, eftir að hann kom í borðsalinn að loknum vaktaskiptum.

Ég er sannfærður um það, að Guðmundur Sigurðsson, stýrimaður, hafi ekki verið á stjórnþalli, þegar áreksturinn varð milli v/s Berglindar og v/s Charm.

Fyrsti stýrimaður fór af skipinu í Bandaríkjunum. Skipstjóri og Guðmundur Sigurðsson, stýrimaður, gengu því vaktir til skiptis, 6 klukkustundir í senn.“

Vitnið Bára Sólveig Einarsdóttir gaf vitnaskýrslu fyrir siglingadómi 23. febrúar 1983. Vitnið skýrði m. a. svo frá:

„Ég var farþegi á v/s Berglind, þegar hún lenti í árekstri 19. júlí 1981. Ég var í borðsal skipsins, þegar áreksturinn varð. Með mér í borðsalnum voru eiginmaður minn, Sigurhans Þorbjörnsson, Ómar Wieth og Guðmundur, stýrimaður, en ég veit ekki, hvers son hann er. Ég var búinn að vera í borðsalnum frá því um kl. 1800. Guðmundur stýrimaður kom á eftir mér inn í borðsalinn. Ég man ekki nákvæmlega, hve lengi hann var búinn að vera inni í borðsalnum. Hann var búinn að matast, þegar árekstur varð. Yfirleitt voru menn búnir að borða um kl. 1900. Ég tel, að stýrimaður hafi verið búinn að borða um kl. 1900. Ég tel, að hann hafi verið búinn að vera í borðsalnum í um klukkustund. Eftir kvöldmatinn sátum við öll fjögur og spjölluðum saman við langborð, sem var í borðsalnum. Ég man ekki til þess, að Guðmundur hafi vikið úr borðsalnum, eftir að hann kom til kvöldverðar og þar til áreksturinn varð.“

II.

Þann 23. febrúar 1983 var vitnið Guðmundur Sigurðsson stýrimaður kvaddur fyrir siglingadóm til að gefa vitnaskýrslu. Var þá fært til bókar: „Vitnið kvaðst vera í sambúð með dóttur ákærða, Sólrúnu Sævarsdóttur. Þau hafi búið saman frá því á árinu 1978, en eigi ekki saman börn.

Vitnið kvaðst skorast undan að gefa vitnaskýrslu fyrir dóminum.

Vararíkissaksóknari kvaðst gera kröfu til, að vitnið gefi vitnaskýrslu fyrir dóminum sem vitni sem eini stýrimaðurinn á v/s Berglind í máli ákærða. Vitnið njóti ekki undanþágu frá vitnaskyldu samkvæmt 5. tl. 89. gr. laga nr. 74/1974. Að sjálfsögðu beri, strax og spurningar teljist fela í sér grun á hendur vitninu fyrir refsivert brot, að gæta 2. mgr. 77. gr. sömu laga.

Dómarinn spurði vararíkissaksóknara, hvort hann hefði vitnið grunað um refsiverðan verknad. Hann svaraði: „Á grundvelli framkominna skýrslna Sigurhans Þorbjörnssonar, vélstjóra, Báru Sólveigar Einarsdóttur og Hjalta Heiðars Hjaltasonar er vitnið grunað um rangan framburð í þinghaldi sjó- og verslunardóms 28. júlí 1981 um veigamikil atriði, sem snerta sakarfenið í máli þessu.“

Verjandi ákærða fékk bókað: „Ég tel vitninu heimilt að skorast undan vitnisburði í máli þessu með heimild í 5. tölulið 89. gr. laga nr. 74/1974, þar sem hann telst tengdabarn ákærða samkvæmt rýmkandi lögskýringu. Þá tel ég, að Guðmundi sé óskyldt að svara spurningum samkvæmt 91. gr. sömu laga. Ég óska eftir úrskurði, ef ákærvaldið fellur ekki frá kröfu sinni.“

Vararíkissaksóknari kvaðst halda fast við kröfu sína.

Var atriðið því næst tekið til úrskurðar.“

III.

Í lögum nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála segir svo í 89. gr.: „Öllum er skylt að koma fyrir dóm í opinberu máli og bera þar vitni. Skorast geta þó þeir, sem hér segir, undan vitnisburði:

1. Maki sökunauts, meðan hjúskap þeirra er ekki slitið að lögum.
2. Unnusti eða unnusta sökunauts, enda varði vitnisburður ekki atvik, sem gerðust, áður en þau heitbundust.
3. Skyldmenni sökunauts að feðgatali eða niðja.
4. Kjörforeldri sökunauts eða kjörbarn undir samsvarandi skilorði sem í 2. tölul. segir.
5. Tengdaforeldri sökunauts og tengdabarn, systkin hans og jafnmægðir honum.“

Ákvæði 91. gr. laganna hljóðar svo:

„Aðila er ekki skylt að svara spurningu að viðlagðri vitnaábyrgð, ef ætla

má, að svar við henni feli í sér játningu eða bendingu um það, að hann eða venslamenn hans samkvæmt 89. gr. hafi framið refsiverðan verknað eða það gæti orðið þeim til mannorðsspjalla.“

Vitnið Guðmundur Sigurðsson stýrimaður býr í óvígðri sambúð með dóttur ákærða í máli þessu. Vitnið er því ekki tengdabarn ákærða samkvæmt lagabókstafnum.

Þegar það er hins vegar virt, annars vegar, að vitnið er nú grunað um refsiverðan verknað vegna framburðar síns í sjódomi 28. júlí 1981, og hins vegar metin tengsl vitnisins við ákærða, verður að telja með vísan til 91. gr. og með hliðsjón af 5. tl. 89. gr. laganna, að vitninu sé óskylt að gefa vitnaskýrslu fyrir siglingadómi í máli þessu. Þar við bætist, að eigi verður séð, eins og málið horfir nú við, að vætti vitnisins geti haft úrslitaáhrif á efnisniðurstöðu í málinu.

Bjarni Kristinn Bjarnason, formaður siglingadóms, kveður upp úrskurð þennan ásamt samdómendunum Einari Thoroddsen, Jóni Björnssyni, Guðmundi Hjaltasyni og Guðmundi Péturssyni.

Úrskurðarorð:

Vitninu Guðmundi Sigurðssyni er óskylt að gefa vitnaskýrslu í máli þessu.

Föstudaginn 11. mars 1983.

Nr. 157/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Gunnari Þór Geirssyni

(Ólafur Þorláksson hrl.).

Bifhjól. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Guðmundur Jónsson.